



Hreppsnefnd 27.12.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 27. des. 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 27. des. 2002 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson, oddviti, Sigurveig Róbetsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Gunnhildur Inga Geirsdóttir, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Björn H. Sigurbjörnsson. Ólafur Ármannsson mætti síðan a fundinn og vék þá Gunnhildur Inga af fundi. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 11. des. sl.
Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 3. des. sl. Gerð grein fyrir óskum um viðbætur við tölvukerfi skólans, sem fram kom í fundargerðinni.
Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 19. des. sl.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir tillögum hafnarnefndar, sem koma fram í 4. tl. fundargerðarinnar frá 19. des. sl. Annars vegar tillögu um nauðsynlegar lántökur, vegna hafnarframkvæmda og hins vegar tillögu um meðferð inneignar hafnarsjóðs hjá hreppsnum.
Hreppsnefnd samþykkti síðan fundargerðina og þar með fyrirliggjandi tillögur með 7 atkv.

4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 23. des. sl.
Farið yfir fundargerðina og hún síðan samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um þróun fólksfjölda.
Lagðar fram upplýsingar Hagstofu Íslands um fólksfjölgun. Þar kemur fram að samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands yfir þróun mannfjölda á Íslandi fjölgar Vopnfirðingum um 20 eða 2,7 %. Sé þéttbýli Vopnafjarðar eitt og sér tekið fjölgar íbúum þar um 3,55 %. Þetta er mesta fjölgun á Austurlandi og langt umfram landsmeðaltal en að meðaltali fjölgaði Íslendingum um 0,68 % milli ára 2001/2002.
Alls eru því Vopnfirðingar orðnir 762 í árslok 2002 en voru 742 árið 2001. Næst mest var fjölgunin á Austur-Héraði en þar fjölgaði íbúum um 1,48 %.
Annars staðar á þessu svæði stóð íbúafjöldi í stað eða fækkaði en alls fækkaði um 43 á Austurlandi eða – 0,36 %

6. mál Sláturfélag Vopnfirðinga bréf dags. 11. des. sl., varðandi hlutfjárukningu.
Lagt fram erindi Sláturfélags Vopnfirðinga h/f dags. 11. des. sl., varðandi hlutfjárukningu í félaginu alls að nafnvirði 4.500 þús. kr. á genginu 1,0 í samræmi við heimild í samþykktum félagsins. Aðgerð þessi er í framhaldi af því að hlutfé félagsins var fært niður um helming. Björn Halldórsson vék af fundi, vegna vanhæfis við afgreiðslu málsins.
Nokkur umræða varð um málið. Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka þátt í hlutfjárukningunni að fjárhæð 1.000 þús. kr. Miðað er við að Vopnafjarðarhreppur hafi heimild til að greiða hlutfjárukninguna inn á tveimur árum þ.a. árið 2003 greiðist 650 þús. kr. og árið 2004 greiðist 350 þús. kr. Með þessu verður hlutur hreppsins alls 2.188 þús. kr. eða 17,2 %, en var fyrir aukningu 14,48 %”

Tillagan samþykkt með 6 atkv.

Að lokinni afgreiðslu málsins mætti Björn aftur á fundinn.

7. mál. Umsókn um úthlutun á aflaheimildum og úthlutun ráðuneytisins.

Lögð fram umsókn sveitarfélagsins dags. 12. des. sl. og yfirlit yfir úthlutun aflaheimilda úr byggðakvóta. Vopnafjarðarhreppi var úthlutað 20 þorskígildistönnum. Umræða var mikil um málið og fögnuðu fundarmenn þessarri úthlutun. Samþykkt var að fela sveitarstjóra að sækja um viðbót úr óúthlutaðum aflaheimildum, en alls er óúthlutað 45 þorskígildistönnum á þessu svæði.

8. mál Skipulagsstofnun bréf dags. 20. des. sl., ákvörðun um matsskyldu brimvarnargarðs.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunnar frá 20. des. sl., þar sem fram kemur ákvörðun Skipulagsstofnunnar um að brimvarnargarður milli Miðhólma og Skiphólma þurfi ekki að fara í umhverfismat. Með úrskurði þessum hefur Skipulagsstofnun snúið við fyrri ákvörðun sinni frá 9. ágúst 2001 um að garðurinn þyrfti að fara í umhverfismat.

9. mál. Bréf Íbúðalánasjóðs dags. 9. og 19. des. sl., varðandi lánsúmsóknir, vegna félagslegra íbúða.

Lögð fram bréf frá Íbúðalánasjóði um þessi mál frá 9. og 19. des. sl., þar sem fram kvemur að Vopnafjarðarhreppur fær engan kvóta til að byggja eða kaupa félagslegt húsnæði en fær úthlutað 5.000 þús. kr., vegna viðbótarlána.

Lagt fram til kynningar.

10. mál. Heimild til handa sveitarstjóra til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur.

Lögð fram svofelld tillaga :

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur úr sveitarsjóði á árinu 2003, meðan fjárhagsáætlun ársins hefur ekki verið samþykkt.”

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

Sveitarstjóri greindi frá að miðað væri við að ljúka vinnu við fjárhagsáætlun í janúar og ráðgert væri að hún yrði samþykkt við síðari umræðu eigi síðar en um miðjan febrúar nk. Ekki hefur verið lokið við uppsetningu á nýju bókhaldskerfi sem unnið hefur verið að og hefur það tafið vinnu við fjárhagsáætlanagerðina.

11. mál. Heimildir til að ganga frá nauðsynlegum lántökum vegna ársins 2002.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir greiðslustöðu hreppsins og fyrir nauðsynlegum lántökum. Umræða var nokkur um málið og ýmsar upplýsingar komu fram um lánsfjárförf sveitarfélagsins.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga frá langtímaláni/skammtímaláni hjá Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun að fjárhæð allt að 35.000 þús. kr. til þess að bæta greiðslustöðu sveitarfélagsins. Sveitarstjóri undirriti nauðsynlega samninga í þessu sambandi.”

Tillagan var samþykkt með 7 atkv.

12. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, fundargerð stjórnarfundar frá 6. des. sl. og fundar með starfsmönnum Orkustofnunnar frá sama degi.

Lagt fram til kynningar.

b) Drög að úthlutun Hreindýraráðs

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti gott samstarf á árinu og sleit fundi.